

Mál nr. 7/2019

**M og
V vegna fjölskyldutryggingar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.**Gögn.**

Málskot, dags. 20.12.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 11.01.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið símtal að morgni 5. desember 2018 þar sem A hafi sagt henni að dóttir hennar, S, hafi ásamt annarri stúlku í húsinu verið að leika sér daginn áður að búa til svell með vatni úr garðslöngu sem staðsett er við hlið inngangs að kjallaraíbúð í eigu M. Í símtalinu hafi komið fram að stúlkurnar hafi gleymt að skrúfa fyrir vatnsslönguna og því væri allt á floti fyrir framan útidyrnar að kjallaraíbúðinni. Þegar M hafi komið í íbúðina hafi verið jafnþétt vatnslag yfir allri íbúðinni.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ekki hafi verið upplýst hvaða barn hafi verið að nota garðslönguna eða hvort það hafi verið frosið í slöngunni og ekkert vatn runnið þegar skrúfað var frá. Þá hafi A bent á að niðurfall fyrir framan útihurðina hafi verið stíflað. V telur málsatvik því að nokkru leyti óljós og því ósannað að orsök tjónsins verði rakin til háttsemi S eða atvika sem S geti borið skaðabótaábyrgð á. Þá telur V að verði talið sannað að S hafi skrúfað frá garðslöngunni þá sé tjónið ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi þar sem geri megi ráð fyrir því að fasteignir skuli þannig útbúnar að yfirborðsvatn valdi ekki tjóni á fasteignum. Þá verði að líta til ungs aldurs S og þeirrar staðreyndar að börn geri sér ekki eins vel grein fyrir því og fullorðnir að háttsemi þeirra kunni að vera til þess falinn að valda tjóni.

Álit.

Það liggur fyrir að tvær stúlkur voru að leika og samkvæmt gögnum málsins ætluðu þær að búa til svell á bílplaninu með því að sprauta vatni úr garðslöngu. Önnur stúlkan var S. Vatn rennur inn í kjallaraíbúð M nóttina á eftir með þeim afleiðingum að tjón verður. Miðað við lýsingar á málsatvikum verður það að teljast sennilegt að önnur hvor þeirra hafi skrúfað frá vatninu vegna leiksins. Ekki liggur ljóst fyrir hvor þeirra það var. Ekki er upplýst um að vatn hafi áður runnið inn í kjallaraíbúðina og eru því yfirgnæfandi líkur á því að vatnið sem rann í kjallaraíbúðina hafi komið úr garðslöngunni. Leiða má líkum að því að jarðvegur hafi losnað þegar vatnið rann um hann í átt að niðurfallinu og það hafi stíflað niðurfallið. Stúlkurnar voru 9 og 10 ára og hefðu átt að gera sér grein fyrir afleiðingum þess að vatn rynni úr viðstöðulaust úr slöngunni og sýndu þær því af sér gáleysi að skrúfa ekki fyrir vatnið í garðslönguna. Með vísan til framangreinds ber S ábyrgð á helming tjónsins hjá M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar A hjá V sem gildir fyrir S.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir helming tjónsins úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.